

1860. 27. janúar. inni og ritað var á íslenzku, farið þess á leit, að dómsmála-
stjórnin skyldi gjöra hinar nauðsynlegu ráðstafanir til þess, að
sveitarsjóðir þeir, sem hér ræðir um, fengju í þessu skyni endur-
goldna 1203 rd. 51 sk.

Um þetta efni biður dómsmálastjórnin yður, herra stipt-
amtmaður, að tilkynna nefndum Jóni Guðmundssyni, að ekkert
tillit verði tekið til bréfs þess, er áður er getið og hann sendi
stjórninni, þaræð það ekki kom henni til handa á þann hátt,
sem fyrir er mælt í tilskipun 8. marzm. 1843, 44 gr.

28. janúar. **3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á
Íslandi, um borgun fyrir þingstörf til málafærslu-
manns Jóns Guðmundssonar.**

Stjórnin hefur nú fengið skýrslu þá frá málafærslumanni
Jóni Guðmundssyni, sem þér, herra stiptamtmaður, minntust á
í bréfi yðar 3. nóvember í fyrra, um þá 48 og 39 dali, sem
rætt var um í bréfi stjórnarinnar 19. ágúst í fyrra, og hann
hafði látið borga sér úr jarðabókarsjóðnum fyrir ýms störf, sem
hann, sem varaforseti á alþingi því, sem var haldið 1857, varð
að gjöra eptir þinglok.

Yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir hlutaðeiganda
látum vör yður vita, að í þetta skipti getur staðið við það,
sem búið er að gjöra, en annars álitur stjórnin, að engin heimild
sé fyrir slíkum útgjöldum í alþingistilskipuninni.

Um leið gætuð þér minnt Jón Guðmundsson á, að eptir
reglum þeim, sem nú gilda, hefði hann átt að semja skýrslu sína
á dönsku, eða að minnsta kosti láta henni fylgja danska út-
leggingu, en ekki senda hana einungis á íslenzku, eins og hann
hefur gjört.